

46. fundur stjórnar Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3 fimmtudaginn 19. maí 2011.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Arnlín Óladóttir sem er ný í stjórn sem fulltrúi Skógræktar ríkisins í stað Birgis Haukssonar. Einnig Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst kl.14.00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Skipting plantna milli skógabænda.
3. Vesturlandsskógar kynntir fyrir nýjum stjórnarmanni. Gerð nýrra samninga og breytt og aukin samningssvæði á nokkrum jörðum
4. Samstarf við Mógilsá um tilraunir. Kjötmjöl (kögglað) sem áburður, kynbætur á stafafuru og hengibjörk.
5. Fjárlagagerð og fyrirhugaður fundur formanna LHV og einhverra af framkvæmdastjórunum með landbúnaðarráðherra.
6. Önnur mál.

Í upphafi fundar bauð Guðbrandur Arnlíni velkomna í stjórnina og þakkaði Birgi fyrir hans störf innan stjórnar. Birgir komst ekki á fundinn en sendi fundarmönnum góðar kveðjur með þakklæti fyrir samstafið.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt án athugasemda.
2. Skipting plantna milli skógarbænda. Sigvaldi gerði grein fyrir úthlutun plantna nú í vor. Pantaðar plöntur af skógarbændum voru 640 þúsund. Áætlað er að hafa fjármagn til kaupa á um 400-450 þúsund plöntum í ár. Nú í vor var úthlutað 349.810 plöntum. Sérstaklega var mikið beðið um stafafuru, en ekki er hægt að verða við ítrustu óskum, enda ekki gert ráð fyrir að kaupa nema tæplega 100.000 plöntur af stafafuru í vor. Eins vantar nokkuð uppá á að hægt sé að afgreiða allt birkið og lerkið sem óskað var eftir. Að hluta til er það vegna þess að Vesturlandsskógar fá afarlítið af birki og lerki frá Lágafelli. Nóg er til af sitkagreni og ösp og geta þeir fengið sem það pöntuðu. Til viðbótar kemur nokkurt magn af lindifuru, elritegundum og ilmreyni.
3. Sigvaldi fór nokkrum orðum yfir stöðu Vesturlandsskóga, hvaða jarðir eru í verkefninu og hve mikið er búið að gróðursetja. Allnokkrar jarðir hafa verið á biðlista eftir að komast í Vesturlandsskóga. Eftirtaldar jarðir voru samþykktar í Vesturlandsskóga og er stefnt á að vinna ræktunaráætlun fyrir þær í sumar. Jarðirnar eru: Ánastaðir í Borgarbyggð, Brekka í Hvalfjarðarsveit, Aðalvík í Hvalfjarðarsveit, Kirkjuból í Hvítársíðu, viðbót. Kolsstaðir í Dalabyggð. Reynikelda á Skarðsströnd. Rauðkollsstaðir í Eyja og Miklaholtshreppi, viðbót.
4. Samstarf við Mógilsá um tilraunir. Ákveðið var að skoða kynbætur á hengibjörk og stafafuru og samanburð á kjötmjöli og tilbúnum áburði. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samvinnu við Mógilsármenn í samræmi við samþykkt síðasta fundar.
5. Guðbrandur hefur óskað eftir fundi með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ásamt formönnum og framkvæmdastjórum verkefnanna. Ekki er kominn dagsetning á hvenær fundurinn verður.
6. Önnur mál voru engin

Guðmundur Sigurðsson
fundarritari